

## Verður haldinn þann 19. mars 2020 kl. 16.00 í höfuðstöðvum félagsins að Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík

### DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á árinu 2019.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
6. Tillaga stjórnar um kaupréttááætlun
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda félagsins.
10. Tillaga stórnar um heimild til hækkunar á hlutafé um allt að 59.935.471 hluti í tengslum við kaupréttááætlun félagsins ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
11. Tillaga stjórnar um endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
12. Tillaga stjórnar um endurnýjun á heimild til hækkunar á hlutafé félagsins um allt að 100.000.000 hluti í tengslum við möguleg fyrirtækjakaup ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
13. Tillaga stjórnar um breytingu á grein 18 í samþykktum félagsins í tengslum við kynjahlutföll í stjórn félagsins.
14. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið [agm@icelandseafood.com](mailto:agm@icelandseafood.com) í síðasta lagi kl. 16:00 hinn 9. mars nk. Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar þurfa að vera skráðir í hlutaskrá félagsins við lok dags 18. mars nk. til að eiga þess kost að greiða atkvæði á fundinum. Atkvæði verða einungis greidd skriflega á fundinum ef farið verður fram á slíkt. Hluthafar geta greitt atkvæði fyrir fundinn eða látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Óski hluthafi eftir því að greiða atkvæði skriflega fyrir fundinn skal hann gera kröfu um slíkt eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn. Hluthafar geta einnig nálgast atkvæðaseðla og greitt atkvæði á skrifstofu félagsins venjulegum opnunartíma á virkum sólarhringum þar til á aðalfundardegi. Undirritaðir, dagsettur og vottaðir atkvæðaseðlar skulu hafa borist félaginu á skrifstofu þess eða á netfangið [agm@icelandseafood.com](mailto:agm@icelandseafood.com) að minnsta kosti þremur klukkutundum fyrir fundinn svo þeir teljist lögmaðir. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð, undirritað, dagsett og vottað. Hægt er að senda rafrænt umboð á netfangið [agm@icelandseafood.com](mailto:agm@icelandseafood.com) og skulu þau berast að minnsta kosti þremur klukkutundum fyrir fundinn. Form að umboði má nálgast á heimasíðu félagsins. Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. samþykktir félagsins. Skulu tilkynningar berast á netfangið [agm@icelandseafood.com](mailto:agm@icelandseafood.com). Eyðublað má nálgast á heimasíðu félagsins.

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þ.á m. skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund og tillögur, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins;  
<http://www.icelandseafood.com/investors>